



## Fundur háskólaráðs 26. febrúar 2002

### Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jörunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 21.02.2002 11:49:50  
Dags: 26.02.2002

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4302/4303/4041  
Fax: 525 4038

5/2002

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, þriðjudaginn 26. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Fjárlagaerindi Háskóla Íslands fyrir árið 2003 í samræmi við gerða samninga um kennslu og rannsóknir.
- 1.2 Lagt fram yfirlit um reglur deilda um meistara- og doktorsnám.
- 1.3 Lagt fram bréf frá Þorsteini I. Sigfússyni, dags. 6. febr. 2002, þar sem fram kemur að hann ánafni Háskóla Íslands hlut í fyrirtækinu Genergy-Varmaraf ehf.
- 1.4 Lögð fram skýrsla formanns kjaranefndar um laun prófessora í Danmörku.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Kjör fulltrúa Háskólans í stjórn RHnets.  
Tillaga um að eftirtaldir verði fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn hlutafélagsins Rannsókn- og háskólanet Íslands (RHnet).

Aðalmenn: Þórður Kristinsson, kennslustjóri  
Sæþór Jónsson, forstöðumaður RHÍ  
Ebba Þóra Hvannberg, dósent

Varamenn: Jón Torfi Jónasson, prófessor  
Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor  
Helgi Þorbergsson, dósent

Skýring: Félagið var stofnað 24. janúar 2001. Hluthafar eru fjórtán og á Háskólinn mikinn meirihluta í félaginu (45 m.kr. af 53.850). Fyrsti aðalfundur er áætlaður í mars eða apríl nk. og þá verður kosin ný stjórn. Fimm manns sitja í stjórn og er lagt til að sömu fulltrúar verði áfram í stjórn f.h. Háskólans. Miðað er við að tveir fulltrúar komi frá öðrum hluthöfum.

- Samþykkt einróma.

- 2.2 Brautskráning í febrúar verði síðasta laugardag í febrúar í stað þess fyrsta. Þannig verði brautskráning 22. febrúar 2003.

Skýring: Samkvæmt 51. gr. reglna Háskólans er brautskráning kandiata fyrsta vetrardag, fyrsta laugardag í febrúar og næsta laugardag á eftir 18. júní ár hvert. Háskólaráð getur ákveðið frávik frá þessum dagsetningum og hvort brautskráning fari fram einu sinni eða tvisvar á ári. Færsla brautskráningar aftur um þrjár vikur í febrúar er til að draga úr álagi á deildarskrifstofum vegna skörunar viðamikilla verkefna við gerð kennsluáætlunar, fjárhagsáætlunar og undirbúning brautskráningar sem fellur á sama

tíma.

- Samþykkt einróma.

2.3 Endurskoðun matsreglna um störf prófessora.

Lagt fram bréf frá Guðrínu Zoëga dags. 13. febrúar sl. ásamt drögum að nýjum matsreglum.

2.4 Tillaga samráðsnefndar til háskólaráðs í kjölfar úrskurðar kjaranefndar frá 11. desember 2001.

Lagðar fram tillögur samráðsnefndar dags. 18. febrúar sl.

Liðir 4 og 5 voru samþykktir einróma og rektor falið að framkvæma þá. Öðrum liðum tillögunnar var frestað.

Rektor lagði til að Guðmundi G. Haraldssyni, Oddnýju G. Sverrisdóttur, Peter Holbrook og Sigríði Ólafsdóttur verði falið að undirbúa tillögu um starfsskyldur prófessora í kjölfar úrskurðar kjaranefndar frá 11. desember 2001 og þau ræði málið við stjórn Félags prófessora og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

- Samþykkt einróma.

**3. Mál á auglýstri dagskrá**

3.1 Niðurstaða nefndar, skipuð á fundi háskólaráðs 6. september 2001, sem falið var að fara yfir lög um háskóla nr. 136/1997.

Inn á fundinn kom Eiríkur Tómasson, prófessor og formaður nefndarinnar, og gerði grein fyrir framlögðum tillögum nefndarinnar. Málið var rætt ítarlega og svaraði Eiríkur framkomnum spurningum og athugasemdum.

Málið verður aftur á dagskrá háskólaráðs síðar.

Öðrum málum á auglýstri dagskrá var frestað.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15.14